

Nr. 26.  
16.  
nóvbr.

## Lög

um

breyting á lögum 8. október 1883 um bæjarstjórn í  
Ísafjarðarkaupstað.

**Vjer Frederik hinn Áttundi**, af guðs náð Danmerkur konungur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með  
samþykki Voru:

1. gr.

Störf þau, sem byggingarnefndin hefur hingað til haft á hendi samkvæmt opnu  
brjefi 26. janúar 1866 um að stofna byggingarnefnd í kaupstaðnum Ísafirði, skulu liggja  
undir bæjarstjórnina, og ræður hún framvegis byggingarmálum kaupstaðarins, sem  
öðrum bæjarmálefnum, og á þann hátt, sem segir í lögum þessum.

2. gr.

Hafnarmálefnum Ísafjarðarkaupstaðar skal bæjarstjórnin framvegis ráða á  
þann hátt, er segir í næstu grein hjer á eptir. Þó skal stjórnarráð Íslands staðfesta alla  
taxta um hafnargjöld og setja eptir tillögum bæjarstjórnar reglugjörð til viðhalds góðu  
skipulagi á höfninni.

3. gr.

Byggingarnefnd annast framkvæmd á störfum þeim, sem greind eru í 1. gr.;  
skulu í henni sitja bæjarfógeti og 4 menn aðrir, er bæjarstjórnin kýs, tvo þeirra úr sínum  
flokki. Hafnarnefnd annast hafnarmálefni, og skulu í henni vera bæjarfógeti og 2 menn  
aðrir, valdir af bæjarstjórninni, að minnsta kosti annar úr hennar flokki. Nefndarmenn  
þeir, sem kosnir eru utan bæjarstjórnar, eru skyldir að taka við kosningu; þó gilda sömu  
synjunarástæður og sama starfstímatakmörkun fyrir þá og fyrir bæjarstjórnarmenn  
samkvæmt lögum um bæjarstjórn í Ísafjarðarkaupstað frá 8. október 1883.

4. gr.

Ef lóðareiganda þykir rjetti sínum hallað með úrskurði bæjarstjórnar eða bygg-  
ingarnefndar í þeim málum, er greind eru í 1. gr., má hann skjóta honum til stjórnar-  
ráðsins.

5. gr.

Nú þykir bæjarstjórninni æskilegt, að sett verði fyllri ákvæði um byggingarmál  
kaupstaðarins en þá eru í lögum, og má þá setja þau með byggingarsamþykkt, er bæjar-  
Nr. 26. Lög 16. nóvember um breyting á lögum 8. október 1883 um bæjarstjórn í Ísafjarðarkaupstað.

# LOV

Nr. 26.  
16.  
Novbr.

om

## Forandring i Lov af 8. Oktober 1883 om Bestyrelsen af Købstaden Isafjords kommunale Anliggender.

**Vi Frederik den Ottende**, af Guds Naade Konge til Danmark,  
de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken,  
Lauenborg og Oldenburg,

*Gøre vitterligt*: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

### § 1.

De ved Plakat af 26. Januar 1866 om Oprettelsen af en Bygningskommission i Købstaden Isafjord til Bygningskommissionen overdragne Forretninger henlægges til Byraadet, der herefter skal bestyre Købstadens Bygningsvæsen i Lighed med dens øvrige Anliggender, og paa den i nærværende Lov angivne Maade.

### § 2.

Isafjord Købstads Havnesager skal Byraadet for Fremtiden varetage paa den i næstfølgende Paragraf angivne Maade. Dog skal Islands Ministerium stadfæste alle Takster for Havneafgifter, og efter Byraadets Forslag udfærdige et Reglement til Opretholdelse af god Orden i Havnen.

### § 3.

Bygningskommissionen besørger Udførelsen af de i § 1 anførte Arbejder; den skal bestaa af Byfogden og 4 andre af Byraadet — deraf de to af dettes egen Midte — valgte Mænd. Havnesagerne henhøre under en Havnekommission, bestaaende af Byfogden og to andre af Byraadet valgte Mænd, hvoraf i det mindste den ene af dets egen Midte. De udenfor Byraadet valgte Kommissionsmedlemmer ere pligtige at modtage Valg; dog gælde de samme Vægringsgrunde og den samme Begrænsning med Hensyn til Funktionstiden for dem som for Byraadsmedlemmer i Henhold til Lov om Bestyrelsen af Købstaden Isafjords kommunale Anliggender af 8. Oktober 1883.

### § 4.

Finder en Grundejer sig brøsthølden ved en af Byraadet eller Bygningskommissionen i de i § 1 omhandlede Sager truffen Afgørelse, kan den af ham indankes for Ministeriet.

### § 5.

Finder Byraadet det ønskeligt, at de efter Lovgivningen til enhver Tid Købstadens Bygningsvæsen gældende Bestemmelser fuldstændiggøres ved yderligere

Nr. 26. Lov af 16. November om Forandring i Lov af 8. Oktober 1883 om Bestyrelsen af Købstaden Isafjords kommunale Anliggender.

Nr. 26. stjórn semur eptir tillögum byggingarnefndarinnar og stjórnarráðið staðfestir. Í byggingarsamþykkt má ákveða sektir fyrir brot svo og setja reglur um greiðslu þess kostnaðar, er af ákvæðum byggingarsamþykktarinnar leiðir; svo má þar og ákveða hæfileg gjöld fyrir leyfi þau, sem bærstjórn eða byggingarnefnd veitir. Nú er byggingarfulltrúi skipaður samkvæmt byggingarsamþykkt, og má þá ákveða hæfileg gjöld fyrir þau störf hans, er hann leysir af hendi sem byggingarfulltrúi í þarfir einstakra manna, eptir beiðni þeirra. Gjöld fyrir byggingarleyfi og störf fyrir einstaka menn skulu hafa lög-taksrjett, og renna þau í bæjarsjóðinn.

6. gr.

15. og 16. gr. í lögum um bærstjórn í Ísafjarðarkaupstað frá 8. október 1883 falli úr gildi.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1908.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amaliuborg, 16. nóvember 1907.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Frederik R.***

(L. S.)

---

***H. Hafstein.***

Forskrifter, kunne saadanne optages i en Bygningsvedtægt, der affattes af Byraadet Nr. 26. efter Bygningskommissionens Forslag og approberes af Ministeriet. I Bygnings-<sup>16.</sup>vedtægten kan der fastsættes Bøder for Overtrædelser af samme samt Regler om Be-  
 talingen af de af Bygningsvedtægtens Bestemmelser følgende Omkostninger; deri kan  
 der ogsaa fastsættes et passende Gebyr for de af Byraadet eller Bygningskommissionen  
 tilstaaede Bevillinger. Saafernt der i Henhold til Bygningsvedtægten ansættes en  
 Bygningsinspektør, kan der for de af ham som saadan for private, efter deres An-  
 modning, udførte Arbejder, fastsættes en passende Betaling. Betalingen for Bevillinger  
 og for Arbejder for private kan inddrives ved Udpantning og tilfalder Bykassen.

## § 6.

Paragraferne 15 og 16 i Lov af 8. Oktober 1883 om Bestyrelsen af Køb-  
 staden Isafjords kommunale Anliggender ophæves.

## § 7.

Denne Lov træder i Kraft 1. Januar 1908.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

**Givet paa Amalienborg, den 16. November 1907.**

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

***Frederik R.***

(L. S.)

***H. Hafstein.***

**Islands Ministerium, den 16. November 1907.**

***H. Hafstein.***

***Ólafur Halldórsson.***